

Forseti Íslands, forsætisráðherra og kærur ráðstefnugestir, verið velkomin á Sjávarútvegsráðstefnuna 2019. Við fögnum í ár þeim áfanga að ráðstefnan á 10 ára afmæli. Á þessum 10 árum hefur ráðstefnan vaxið og dafnað og fest sig í sessi sem árlegur vettvangur þar sem þverskurður greinarinnar mætir til leiks til að styrkja tengsl innan greinarinnar, fræðast og fræða um það jákvæða sem er á döfinni í íslenskum sjávarútvegi.

Fyrir 10 árum kom saman framsýnn hópur fólks til að skipuleggja fyrstu Sjávarútvegsráðstefnuna. Það sem einkenndi umræðu um íslenskan sjávarútveg á þeim tíma var hvað hún var að miklu leyti hagsmunadrifin og neikvæð. Það sem hópurinn lagði upp með var að leggja drög að fjölbreyttum viðburði þar sem dregið yrði fram það jákvæða sem væri að gerast í íslenskum sjávarútvegi á hlutlausum vettvangi og óhætt er að segja, nú 10 árum síðar, að þetta hafi tekist.

Í okkar litla samfélagi þar sem allir þekkja alla, hefur verið afar ánægjulegt að upplifa hversu auðvelt er að fá fólk sem starfar í greininni til að leggja sitt af mörkum til að koma að því skapa áhugaverðar málstofur með efnistöku um mikilvæg viðfangsefni á sviði okkar fjölbreytta sjávarútvegs, sem vonandi verða uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka í náinni framtíð.

Á þessum 10 árum hefur Sjávarútvegsráðstefnan notið einstakrar velvildar styrktaraðila, sem hafa gert okkur kleift að gera ráðstefnuna eins veglega og raun ber vitni.

Í ár eru aðal styrktaraðilarnir: Brim, Hampiðjan, Hvíta húsið, Iceland Seafood, Itub, Tryggingamiðstöðin og Landsbankinn. Hafið bestu þakkir fyrir.

Þá þakka ég stjórnarmönnum Sjávarútvegsráðstefnunnar fyrir gott samstarf og óeigingjarnt framlag við skipulagningu hennar. Jafnframt er Senu og öðrum þeim, sem komu að skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar færðar bestu þakkir.

Fyrir hönd stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar þakka ég Valdimar Inga Gunnarssyni fyrir gott samstarf á árinu og tel rétt að nefna það að hann á heiðurinn að hugmyndinni, sem var upphaf þessarar ráðstefnu og hefur hann haldið utan um verkefnið frá byrjun með miklum myndarskap eins og ráðstefnan ber vitni um. Takk fyrir og gangi ykkur vel,